



Jafnlaunastefna Skagafjarðar

Stefna Skagafjarðar er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, þannig að ómálefnalegur launamunur sé ekki til staðar. Sveitarfélagið leggur áherslu á jafnrétti og að nýta styrkleika allra þannig að hæfileikar og færni alls mannauðs sveitarfélagsins njóti sín sem best. Markmið sveitarfélagsins er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir einstaklingar hafa jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.

Sveitarfélagið greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir m.a. um þekkingu, ábyrgð og hæfni. Launaákvæðanir skulu vera gagnsæjar og málefnalegar og í samræmi við starfslýsingu, kjarasamninga og starfsmat sem jafnframt metur með kerfisbundnum hætti þær kröfur sem störf gera til starfsmanna. Launaákvæðanir skulu studdar rökum og skal tryggt að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Ákvæðanir um launabreytingar eru teknar af forstöðumönnum í samráði við sviðstjóra, sveitarstjóra og mannauðsstjóra, eftir atvikum. Ber þeim að tryggja að samræmis sé gætt í launagreiðslum og að rökstuðningur fylgi öllum þeim breytingum sem gerðar eru. Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun á launum eða starfsmati til næsta yfirmanns. Við endurskoðun skal ákvörðun um afgreiðslu máls tekin sameiginlega af næsta yfirmanni, sviðsstjóra, sveitarstjóra og mannauðsstjóra og hún rökstudd.

Ef um nýtt starf er að ræða og/eða ef starfsmat fyrir viðkomandi starf er ekki fyrirbyggjandi, skulu eftir atvikum; næsti yfirmaður, sviðsstjóri, sveitarstjóri og/eða mannauðsstjóri, með hliðsjón af starfslýsingu setja upp bráðabirgðamat, byggt á sambærilegu starfi ef hægt er og óska eftir endurmati eftir 6 til 12 mánuði heyrri starfið undir Starfsmatið.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Skagafjörður sig til að innleiða, skjalfesta, viðhalda og bæta stöðugt sjónun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og ákvarða hvernig þær verða uppfylltar.

Sveitarstjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfi Skagafjarðar og jafnlaunastefnu og að þeim lagalegu kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Mannauðsstjóri er fulltrúi sveitarstjóra varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST85. Allir stjórnendur Skagafjarðar skuldbinda sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni og bera sameiginlega ábyrgð á að viðhalda stöðugum umbótum á öllum þáttum hennar, eftirliti og viðbrögðum. Jafnlaunastefnan tekur til allra starfsmanna sveitarfélagsins Skagafjarðar. Stefnan skal kynnt fyrir starfsmönnum sveitarfélagsins og skal hún einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef sveitarfélagsins.

Skagafjörður hefur gert samkomulag við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og -kerfi sveitarfélagsins. Geri vottunaraðili á einhverjum tímavörðum athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendinga og lagfærð.

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af jafnréttisstefnu sveitarfélagsins og mannauðsstefnu.